

Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu

Í gær, miðvikudaginn 16. nóvember, afhenti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) Guðrúnu Helgadóttur rithöfundu, [verðlaun Jónasar Hallgrímssonar](#) á hátíðardagskrá í sal Listasafns Reykjanesbæjar, Duus-húsum.

Í rökstuðningi ráðgjafarnefndar segir: „Guðrún Helgadóttir er án nokkurs vafa vinsælasti núlifandi barnabókahöfundur landsins. Bækur hennar eru á þriðja tug og hafa notið gríðarlegra vinsælda íslenskra lesenda allt frá því fyrsta bókinni **Jón Oddur og Jón Bjarni** kom út árið 1974. Varla þarf að hafa mörg um orð um það hversu miklu máli það skiptir fyrir íslensk börn að alast upp við góðar bókmenntir sem höfða til þeirra. Ekki er hægt að efast um áhrifa-mátt barnabóka Guðrúnar. Hún skrifar til barna á þann hátt að þau finna að þau eiga sér málsvara enda nýtur sjónarhorn barnsins sín einkar vel í bókum hennar.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Guðrún Helgadóttir rithöfundur og Einar Sveinsson formaður bankaráðs Íslandsbanka.

Sem rithöfundur býr Guðrún yfir ríki frásagnargáfu en jafnframt leggur hún mikið upp úr því að skrifa góðan texta. Hún hefur einkar gott vald á íslenskrar tungu og að þessu leyti gegna verk hennar mikilvægu uppeldishlutverki þegar kemur að því að efla málsþroska barna, auðga

orðaforða þeirra og gera þau meðvituð um mikilvægi ritaðs máls.”

Verðlaunahafinn hlýtur, auk viðurkenningarinnar, ritsafn Jónasar Hallgrímssonar í viðhafnarbandi og peningaverðlaun sem veitt eru af [Íslandsbanka](#).

Menntamálaráðherra veitti einnig tvær sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu. Viðurkenningarnar hlutu [Lestrarmeningu í Reykjanesbæ](#) fyrir gott og vel unnið verkefni til eflingar lestraráhuga fólks í bænum og [Bókaútgáfan Bjartur](#) fyrir mikið og gott þýðingastarf. Einar Bjartur hefur á undanföllum árum gefið út erlend úrvalsverk eftir marga af fremstu rithöfundum samtímans.

Um 97% nemenda í 4. og 7. bekk grunnskóla þreyttu samræmd próf

Samræmd próf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk hafa verið haldin síðan 1996 og er hlutverk þeirra fyrst og fremst greinandi og leiðbeinandi fyrir kennslu einstakra nemenda.

Dagana 20. og 21. október sl. þreyttu nemendur í 4. og 7. bekk í grunnskólum samræmd próf í íslensku og stærðfræði.

Alls eru 4.384 nemendur á landinu í 4. bekk og veitti [Námsmatsstofnun](#) 126 nemendum í 4. bekk frávik frá fyrirlögn prófa eða 2.9% af heildarfjölda nemenda í 4. bekk. Veitt voru 129 frávik frá fyrirlögn prófa í 7. bekk eða 2.8% nemenda í 7. bekk en heildarfjöldi þeirra er 4.629.

[Menntamálaráðuneyti](#) bærust 295 undanþágubeiðnir frá skólunum en um er að ræða tvenns konar undanþágur. Annars vegar fá nemendur með annað móðurmál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í íslensku. Sömu nemendur geta einnig fengið undanþágu frá töku samræmds próf í stærðfræði, hafi þeir dvalist skemur en eitt ár á Íslandi. Hins vegar eiga nemendur sem víkja svo frá almennum þroska að þeim henti ekki samræmd próf rétt á undanþágu frá því að þreyta samræmd próf.

Námsmatsstofnun, sem sér um framkvæmd samræmdra prófa, mun senda skólum niðurstöður prófanna um miðjan nóvember. Seinna á skólaárinu gefur stofnunin út yfirlit yfir heildarniðurstöður sem hægt verður að nálgast á vef Námsmatsstofnunar.

Endurskoðun námskráa á sviði hönnunar- og handverksgreina

Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina er nú að hefja endurskoðun námskráa í tækniteiknun og fataiðngreinum. Fylgt er sama vinnuferli og við endurskoðun námskrár fyrir gull- og silfursmíði. Undirbúningur hefst með því að gerðar eru rannsóknir á færni- og starfsáhrifum starfa og síðan sett af stað vinna við að móta tillögur um breytingar á viðkomandi starfsnámi. Að þeirri vinnu koma bæði fagkennarar í framhaldsskólum og fulltrúar atvinnulífs og faggreinasamtaka. Lögð er áhersla á að líta til þess sem er að gerast í starfsmenntamáli hönnunar- og handverksgreina í öðrum löndum. Starfsgreinaráðið sótti um og fékk styrki innan [Leonardo da Vinci áætlunar Evrópusambandsins](#) til að senda 12 sérfræðinga í hinum ýmsu starfsgreinum á þessu sviði í náms- og kynnisferðir til annarra Evrópulanda. Bretland, Danmörk og Finnland urðu fyrir valinu og hafa 10 manns á þremur fagsviðum þegar heimsótt þessi lönd. Skýrslur um færni- og starfsáhrif má nálgast á vef [menntamálaráðuneytis](#).

Samræmd stúdentspróf á haustmisseri 2005

Prófdagar samræmdra stúdentsprófa á haustmisseri 2005 verða sem hér segir:

- Miðvikudagur 30. nóvember: íslenska
- Fimmtudagur 1. desember: enska
- Föstudagur 2. desember: stærðfræði

Samkvæmt [reglugerð nr. 196/2003](#) um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum eru prófin hluti af skilgreindum námslokum til stúdentsprófs og ber öllum nemendum sem stefna að því að ljúka stúdentsprófi að þreyta tvö samræmd próf. Nemendur velja sjálfir hvaða tvö próf þeir taka en þeim er heimilt að þreyta öll þrjú prófin.

Tilgangur samræmdra stúdentsprófa er m.a. að veita nemendum og skólum upplýsingar um námsárangur í þeim námsgreinum sem um ræðir. Einnig eiga prófin að veita viðtökuskólum (í þessu tilviki háskólum) upplýsingar um námsstöðu einstakra nemenda og vera viðmið fyrir inntöku í einstakar deildir á háskólastigi. Jafnframt veita prófin fræðsluþjónu upplýsingar um námsárangur og hvort markmiðum aðalnámskrár hafi verið náð.

